

Reglur Stefnis - ÍS 15

1. gr.

Heiti sjóðsins.

Nafn sjóðsins er Stefnir - ÍS 15. Kennitala sjóðsins er 470206-8450. Rekstrarfélag sjóðsins er Stefnir hf., kt. 700996-2479, Borgartún 19, 105 Reykjavík.

Erlent nafn sjóðsins er Stefnir - Icelandic Growth Fund.

Sjóðurinn starfar óskiptur og hefur ekki heimild til markaðssetningar í öðrum ríkjum en á Íslandi.

2. gr.

Fjárfestingarstefna sjóðsins.

Markmið sjóðsins er að fjárfesta einkum í hlutabréfum íslenskra hlutafélaga og félaga með starfsemi á Íslandi, sem skráð eru í NASDAQ OMX Nordic Iceland, First North markaðnum, eða annarri viðurkenndri kauphöll. Sjóðnum er einnig heimilt að fjárfesta í óskráðum íslenskum hlutafélögum. Stefnir - ÍS 15 mun beina fjárfestingum sínum að þeim fjárfestingarkostum sem að mati rekstrarfélagsins eru líklegastir til að skila sem bestri ávöxtun bæði með að kaupa og selja skráðar- sem og óskráðar eignir. Sjóðurinn mun leggja íslenskum óskráðum fyrirtækjum til fjármuni og þekkingu til að efla uppbyggingu þeirra og vöxt en heimilt er að fjárfesta allt að 25% af eignum sjóðsins í óskráðum verðbréfum skv. 31. gr. sbr. 3. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingasjóði og fagfjárfestasjóði.

Sjóðurinn hefur það ekki að markmiði að fjárfesta í mörgum félögum heldur hyggst einblína á traust og arðvænleg fyrirtæki og mun því yfirleitt samstanda af tiltölulega fáum félögum.

Í samræmi við lög nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði hefur sjóðurinn heimild til að binda fé sitt í afleiðum svo fremi sem þær séu innan þeirra fjárfestingatakmarkana sem um sjóðinn gilda, sbr. einkum 5. og 6. tölul. 30. gr. og 34. gr., laganna. Markmið viðskipta með afleiður er annars vegar að draga úr áhættu sjóðsins, s.s. endurfjárfestingaráhættu, og hins vegar að framfylgja fjárfestingarstefnu sjóðsins með stöðutöku í undirliggjandi fjármálagerningi viðkomandi afleiðu. Heimild sjóðsins til gerðar afleiðusamninga takmarkast því við framvirk kaup eða framvirka sölu hlutabréfa til að mæta kaupum eða innlausnum á hlutdeildarskírteinum sjóðsins.

Stefnir - ÍS 15 er fjárfestingarsjóður og takmarkast fjárfestingarheimildir sjóðsins við sundurliðun fjárfestinga skv. neðangreindri töflu og 2., 3. og 4. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011, þ.e. aukið svigrúm fjárfestingarsjóða umfram verðbréfasjóði til fjárfestinga í einstökum útgefendum og til fjárfestinga í hlutdeildarskírteinum annarra sjóða en verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða.

Sjóðnum er heimilt að nýta sér heimild 2. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011 til að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu en verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða.

Sjóðnum er heimilt að nýta sér heimild 3. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011 til að fjárfesta í óskráðum verðbréfum og peningamarkaðsskjöllum.

Sjóðnum er heimilt skv. 4. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011 að binda allt að 20% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsskjöllum útgefnum af sama útgefanda. Þó er heimilt að binda allt að 35% af eignum sjóðsins í skráðum verðbréfum í kauphöll og peningamarkaðsskjöllum útgefnum af sama útgefanda enda sé fjárfesting yfir 20% eignum sjóðsins aðeins í einum útgefanda. Aðrar fjárfestingarheimildir 59. gr. laganna er sjóðnum ekki heimilt að nýta.

Að öðru leyti fer því um fjárfestingar sjóðsins eftir II. kafla F í lögnum sem gildir um fjárfestingar verðbréfasjóða.

Hlutabréf skráð í NASDAQ OMX Nordic Iceland og First North	45-100%
Hlutabréf skráð í erlenda kauphöll (félög með starfsemi á Íslandi)	0-55%
Óskráð innlend hlutabréf	0-25%
Innlán fjármálafyrirtækja	0-30%
Stöðutaka í afleiðum	0-10%
Aðrir fjármálagerningar en um er getið í liðum 1-4 skv. hér að framan	0-20%

3. gr.

Verkefni sjóðsins.

Stefnir hf., kt. 700996-2479, fer með rekstur sjóðsins í samræmi við lög nr. 128/2011.

Vörslufyrirtæki sjóðsins er Verdis hf., kt. 470502-2450, Ármúla 13, 108 Reykjavík. Stefni hf. er óheimilt að skipta um vörsluaðila nema að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins.

Auk verðbréfavörslu sinnir Verdis ýmsum öðrum verkefnum í rekstri sjóðsins. Samkvæmt 18. gr. laga nr. 128/2011 hefur rekstrarfélag sjóðsins fengið samþykki Fjármálaeftirlitsins fyrir því að útvista til Verdis ýmsum lögbundnum verkefnum rekstrarfélagsins, s.s. að annast mat á verðmæti verðbréfa og annarra eigna sjóðsins. Varðandi illseljanlegar eignir, skráðar sem óskráðar, hefur sérstök verðmatsnefnd Stefnis umsjón með verðmati á slíkum eignum í samvinnu við Verdis. Samkvæmt sömu lagaheimild viðheldur Verdis skrá yfir eigendur hlutdeildarskírteina, annast útreikninga á innlausnarvirði sjóðsins og annast vörslu hlutdeildarskírteina og annarra gagna um viðskipti. Samkvæmt 2. mgr. 18. gr. laga nr. 128/2011 hefur útvistun á framangreindum lögbundnum verkefnum rekstrarfélagsins engin áhrif á ábyrgð félagsins gagnvart eigendum hlutdeildarskírteina.

Verdis annast og ber ábyrgð á bókhaldi og uppgjöri sjóðsins í samræmi við samþykktir sjóðsins, lög um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði, og bókhaldslög. Verdis sér um að útbúa og senda efnahags- og rekstrarreikninga skv. lögum til endurskoðanda. Jafnframt skal Verdis hf. senda skýrslu til Seðlabanka og skýrslu til Fjármálaeftirlitsins reglulega í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru vegna þeirra sjóða sem um ræðir. Aðrar skýrslugjafir til opinberra aðila vegna sjóðsins er jafnframt í höndum Verdis ef efnið varðar þá þætti sem Verdis hefur tekið að sér samkvæmt samningnum.

Í lok hvers mánaðar sér Verdis um að greiða eignastýringar- og vörsluþóknun fyrir sjóðina. Mánaðarlegt uppgjör sjóðanna, uppgjör til endurskoðanda, skýrslur til utanaðkomandi eftirlitsaðila og viðskiptamanna skal borið undir framkvæmdastjóra Stefnis hf. til umsagnar.

Arion banki hf. er söluaðili sjóðsins og annast þjónustu við þá sem fjárfesta í sjóðnum eða óska eftir upplýsingum í tengslum við fyrirhugaða fjárfestingu í sjóðnum og annast milligöngu um útgáfu og innlausn hlutdeildarskírteina. Arion banki hf. annast markaðsetningu og sölu hlutdeildarskírteina að öðru leyti.

Stefnir rekur fjölmarga verðbréfa-, fjárfestingar- og fagfjárfestingsjóði. Félagið hefur gert samninga um þjónustukaup, með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa að leiðarljósi. Slíkir samningar geta leitt til þess að afsláttur sé veittur af keyptri vöru eða þjónustu, sem viðskiptavinur og Stefnir skipta með sér. Slíkir samningar eru til hagsbóta fyrir sjóðina og þar af leiðandi fyrir hlutdeildarskírteinishafa þeirra. Afslættir eru misjafnir milli fyrirtækja og fara iðulega eftir því hversu mikla fjármuni er um að ræða í fjárfestingu hverju sinni. Frekari upplýsingar um framangreint er að fá hjá Stefni hf.

Um verkefni sjóðsins fer nánar skv. samningum Stefnis hf. og viðkomandi aðila.

4. gr.

Þóknunir.

Þóknun Stefnis hf. fyrir rekstur sjóðsins skal að hámarki nema 2,5% p.a. af meðaltali verðmætis hreinnar eignar sjóðsins meðan hann er starfræktur, en í dag nemur þóknunin 1,71%.

Þóknun Verdis hf. fyrir umsjón og vörslu fjármálagerninga sjóðsins er innifalin í þóknun Stefnis hf.

Auk umsýsluþóknunar rennur sölubóknun til Arion banka hf. fyrir sölu hlutdeildarskírteina í sjóðnum. Sölubóknun er að hámarki 5% af verðmæti hreinnar eignar á hverja einingu. Sölubóknun endurspeglast í mun kaup- og sölugengis á hverjum tíma og í dag er hún 2%. Ekkert innlausnargjald er innheimt við innlausn eininga í sjóðnum.

Beinn útlagður kostnaður vegna reksturs sjóðsins er ekki innifalinn í þóknun rekstrarfélagsins og sama á við um kostnað vegna Fjármálaeftirlits. Rekstrafélagið áskilur sér jafnframt rétt til að krefjast endurgreiðslu kostnaðar svo sem vegna fjármálakerfa, annarra en eiganstýringarkerfa, kostnað vegna áskriftar að verðbréfavísitölum ef um það er að ræða, hugbúnaðar, endurskoðunar, lögfræðikostnaðar og póst og pappírskostnaðar og annars slíks. Gjaldfærður kostnaður vegna framangreindra liða má þó ekki verða hærri en sem nemur 0,1% af verðmæti meðaltals hreinnar eignar sjóðsins á ársgrundvelli.

Leiði sérstakar aðstæður til þess að verja þarf hagsmuni sjóðsins með aðgerðum sem fyrirsjáanlega fara umtalsvert fram úr framangreindu hlutfalli má gjaldfæra kostnað vegna þess hjá sjóðnum, enda leiði mat Stefnis til þeirrar niðurstöðu að hagsmunum sjóðfélaga sé best borgið með þeim hætti. Slík gjaldfærsla er háð tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins.

5. gr.

Útgáfa hlutdeildarskírteina og innlausn þeirra.

Allir, sem eiga hlutdeild að sjóðnum, eiga sama rétt til eigna og tekna hans í hlutfalli við eign sína.

Hlutdeildarskírteini verða gefin út af Stefni hf. til þeirra sem fá sjóðnum fjármuni til ávöxtunar og óska eftir því. Hlutdeildarskírteini verða send þeim sem þess óska í ábyrgðarpósti eigi síðar en 30 dögum eftir að kaupin eiga sér stað og söluaðili hefur gefið út kvittun. Hlutdeildarskírteini sjóðsins verða einungis seld gegn staðgreiðslu kaupverðs.

Hlutdeildarskírteini sjóðsins skulu innleyst að kröfu eigenda á því kaupgengi sem gildir í dagslok þan dag sem fyrirmæli um slíkt berast söluaðila sjóðsins, svo lengi sem slík fyrirmæli berast fyrir lokunartíma sjóðsins. Að öðrum kosti skal líta svo á að fyrirmælin hafi borist næsta virka dag. Opnunartími sjóðsins er frá kl. 9:00 til 14:30 á opunardeg Arion banka. Uppgjör sjóðsins vegna kaupa miðast við t+3 og vegna sölu t+3. Heimilt er að fresta innlausn hlutdeildarskírteina, mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjast þess, enda séu skilyrði laga nr. 128/2011 uppfyllt.

Vegna aðstæðna sem hafa skapast á íslenskum fjármálamarkaði hefur skráðum eignum sjóðsins fækkað sem og seljanleiki þeirra minnkað. Í ljósi breyttra aðstæðna sem og fjárfestingaheimilda sjóðsins getur vægi óskráðra og óseljanlegra hlutabréfa í sjóðnum orðið verulegt.

6. gr.

Ráðstöfun arðs og annars hagnaðar.

Arði og öðrum hagnaði af verðbréfaeign sjóðsins skal bætt við höfuðstól sjóðsins.

7. gr.

Útreikningur á innlausnarvirði hlutar.

Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina í sjóðnum er markaðsvirði samanlagðra eigna viðkomandi deildar/flokks að frádregnum skuldum hennar við innlausn, svo sem skuldum við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum, deilt niður á heildarfjölda útgefinna og óinnleysta hlutdeildarskírteina. Um útreikning á innlausnarvirði og mat á markaðsvirði eigna fer að öðru leyti skv. gildandi reglugerð á hverjum tíma.

8. gr.

Um slit sjóðsins og samruna við aðra sjóði.

Ef samanlagt markaðsverðmæti verðbréfa og annarra fjármálagerninga sjóðsins fer undir 100.000.000 kr. skal stjórn rekstrarfélags sjóðsins kanna sérstaklega hvort hagstæðara sé fyrir hlutdeildarskírteinishafa að sjóðnum sé slitið. Ákvörðun um slit og sjóðsins skal tekin af Stefni hf. Þá tekur Stefnir hf. ákvörðun um samruna sjóðsins við aðra sjóði, með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa að leiðarljósi. Tilkynna skal slíka tilhögun sérhverjum

hlutdeildarskírteinishafa bréfleiddis ásamt upplýsingum um eign þess aðila í sjóðnum. Ákvörðunin skal einnig auglýst í dagblöðum.

Tilkynning til hlutdeildarskírteinishafa skal meðal annars hafa að geyma ákvæði um skilmála slita og/eða samruna og tilgreinda dagsetningu gildistöku slitanna og/eða samrunans og skal sú dagsetning vera minnst þremur vikum eftir útsendingu tilkynningar.

Á því tímabili sem líður frá því rekstrarfélagið sendir út tilkynningu og þar til samruni sjóðs tekur gildi, skulu hlutdeildarskírteinishafar sem ekki eru samþykkir samrunanum hafa tækifæri til að krefjast innlausnar allra hlutdeildarskírteina sinna samkvæmt þeim skilmálum sem gilda um innlausn.

Komi til slita sjóðsins skal Stefni hf. koma eignum sjóðsins í verð með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa í fyrirrúmi og deila niður hreinum afrakstri af slíkum slitum, að frádregnum öllum kostnaði þeim tengdum, á hlutdeildarskírteinishafa í réttu hlutfalli við fjölda eininga í eigu þeirra. Stefni hf. er heimilt að deila niður eignum sjóðsins í heild eða að hluta til með framsali á verðbréfum til hlutdeildarskírteinishafa (in kind), á sanngjarnan hátt. Að þessu loknu skal endurskoðandi staðfesta skiptingu eigna. Afrakstur uppgjors sjóðsins sem enn er ógreiddur eftir lok skiptameðferðar, skal falinn Stefni hf. til vörslu um sex mánaða tíma. Við lok þessa tímabils skulu eignir sem ekki hefur verið gerð krafa til, faldar Arion banka hf. til vörslu, í þágu þeirra er í hlut eiga.

Reykjavík 29. september 2003,
með breytingum gerðum 4. mars 2007, 16. júlí 2008,
3. desember 2008, 4. janúar 2010, 2. febrúar 2011 og 18. janúar 2012.